



Eldra fúþark lettrið 2.-8. öld

INNGANGUR

Áður en latneskt skrifletur og bókmennung barst í Norðurlálfuna voru rúnir notaðar sem letur. Ekki er þó hægt að segja að bókmennir hafi verið skrifaðar með rúnum þótt undantekningar séu vissulega þekktar. Rúnir voru einna helst notaðar sem eignarmerkingar, til að skrá stutt skilaboð eða merkja minnisvarða. Rúnir gátu einnig verið notaðar sem verndartákn eða spátákn og kenningar eru uppi um það að þær hafi jafnframt haft talnagildi.

Rúnir voru notaðar á breiðu svæði í Evrópu yfir langan tíma og eru til í mörgum svæðisbundnum afbrigðum. Þær voru notaðar frá 2. öld okkar tímatalis og fram til 1900 á ákveðnum svæðum þótt almenn notkun þeirra hafi lagst af um 1400 eða fyrr. Þær rúnir sem flestir kannast við og þekja til er eldra fúþark lettrið sem var í notkun í Skandinavíu, Þýskalandi og víðar á 2. – 8. öld.

F N Þ F R < X P
f u þ a r k g w

H T I S J L Y S
h n i j e p R(z) s

↑ B M P R O X
t b e m l ŋ o d

Fúþark lettrið dregur nath sitt af fyrstu sex táknum þess: f u þ a r k. Eldra fúþark lettrið samanstóð af 24 táknum sem gjarra er skipt upp í þrjár ættir. Hver ætt ber átta rúnir. Lítið er vitað um nöfn og tákngildi rúnanna í eldra fúþark letrinu en stafgildi þeirra er þekkt. Nöfn og tákngildi rúnanna í eldra fúþark letrinu hafa verið endurgerð á frumgermönsku með aðstoð orðsifjafræði, málsögu og upplýsinga um yngri letur.

Á 5. öld og fram á 11. öld þróaðist engilfrísneska rúnaletrið upp úr eldra fúþark letrinu þegar landnemar frá Danmörku og Þýskalandi settust að á Englandi. Engilfrísneska letrið bætti við rúnatáknum og jók letrið úr 24 táknum í 33 tákni. Ein elsta heimild okkar um tákngildi rúna er hið engilfrísneska rúnakvæði en þar eru nöfn rúnanna og tákngildi þeirra skráð. Hefur kvæðið stundum verið heimfært upp á eldra fúþark letrið.

Í Skandinavíu átti sér stað frábrugðin þróun á 8. öld þar sem 24 rúnum eldra fúþark letursins var fækkað í 16 tákni og form rúnanna einfaldað. Úr varð hið yngra fúþark letur, sem gjarra er nefnt víkingaöldarrúnir, en þær voru í notkun á víkingaöld og fram að 12. öld. Um aldamótin 1000 tóku nýjar rúnir að þróaast, stungnar rúnir, þar sem hljóðgildi sumra rúna mátti breyta með punkti eða striki. Þannig var hægt að geta táknað fleiri hljóð.

Engilfrísneska fúþark letrið

5.-11. öld

F N Þ F R K X P

f u þ a r c/h g w

H T I D J L V Y L

h n i j/i o eo p x s

↑ B M A R Γ X X X X

t b e m l n o e d

F N J X Y L X X X X

a/o y ea io k g g st

Margir virðast telja að með kristnitöku, sem er gjarna látin tákna upphaf miðalda á Norðurlöndum.

hafi rúnir fallið úr notkun, en það er ekki með öllu rétt. Rúnir voru áfram notaðar í Skandinavíu, í Færeyjum, á Íslandi og á Grænlandi eftir kristnitöku. Rúnir héldu áfram að þróast og úr varð aukið afbrigði við ynggra fúþark lettrið, miðaldarúnir:

Um þetta leyti var latneskt skrifletur orðið fremur almennt en á sama tíma og bókmennir, skjöl og annað var skrifað með latnesku skriflettri, og síðar prentað, voru rúnir áfram notaðar til eignamerkinga, á innsiglum og búmerkjum alþýðunnar og á minningarsteinum sem reistir voru látrnum ástvinum.

Rúnir virðast hverfa að mestu á 15. öld í Skandinavíu, í Færeyjum og á Grænlandi. Hins vegar voru rúnir áfram í notkun á Íslandi og ákveðnum svæðum í Svíþjóð. Um það leyti sem rúnir eru að deyja út allt í kring lifa þær góðu lífi á Íslandi. Rúnir á Íslandi virðast hafa verið á hátíndi frægðar sinnar á 15. öld, eins og margir rúnasteinar og legsteinar í kirkjugörðum vitna um. Megnið af þeim er frá 15. öld.

Á Íslandi héldu rúnir áfram að þróast, fleiri stungnar rúnir voru notaðar og ný tákni mótuð til að standast samanburð við latneskt skrifletur. Bandarúnir, þ.e. tvær eða fleiri rúnir festar saman,

Yngra fúþark lettrið

8-12. öld

F N Þ F R V

f n þ f r v

* t l t l

h n i/y a s

1 B Y R K

t b m l R(z)

Miðaldarúnir

12.-15. öld

voru notaðar sem styttingar í rúnaristum eða sem skammstafanir á innsiglium og búmörkum. Rúnir voru notaðar til styttinga innan um latneskt skrifletur þar sem nöfn þeirra gátu staðið fyrir orð, svo sem rúnin M sem ber nafnið *maður*.

Rúnir byrja að tapa vinsældum eftir síðbreytinguna árið 1550, í átökum milli kaþólikka og lúthersmanna, og í trúar- og galdraofsóknum sem fylgdu í kjölfarið. Rúnir voru enn notaðar á Íslandi en þær urðu fátíðari og litíð var niður á þær. Menning veigruðu sér við því að nota rúnir af ótta við ofsóknir og smám saman hurfu þær af sjónarsviðinu.

Síðustu rúnaristur á Íslandi eru þó frá miðri 19. öld, og síðustu dómsmál tengd rúnum frá fyrsta fjórðungi þeirrar aldar. Allra síðasti rúnasteinninn var reistur í Reykjavík árið 1917. Það eru því ekki nema 100 ár síðan rúnir hurfu alveg úr hefðbundinni notkun á Íslandi.

Það er þó ljóst að rúnir voru langlífar á Íslandi, gegndu mikilvægu hlutverki og voru ómissandi hluti menningarinnar. Þótt ekki séu liðin nema 100 ár síðan síðasti rúnasteinninn var reistur virðast íslensku rúnirnar hafa gleymt hjá þorra fólks.

a b c/z d þ ð e f g

h i k/q l m n o p

r s t u v y æ ø